

Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.

Fundargerð

55. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.

Fundur í stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu bs. í Félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli þriðjudaginn 31. júlí 2018 kl. 13:30.

Mættir: Anton Kári Halldórsson, Guðmundur Gíslason, Hjalti Tómasson, Leifur Björnsson og Ágúst Ingi Ólafsson.

Þetta gerðist:

1. Stjórnarmenn skipta með sér verkum. Formaður, varaformaður og ritari.

Lögð fram tillaga um að Hjalti Tómasson verði formaður, Guðmundur Gíslason varaformaður og Anton Kári Halldórsson ritari. Tillagan samþykkt samhljóða. Ágústi Inga þakkað kærlega fyrir sína vinnu sem formaður stjórnar undanfarin ár.

2. Ársreikningur 2017 lagður fram.

Ársreikningurinn borinn upp til samþykktar. Samþykktur samhljóða.

3. Yfirlit um reksturinn fyrstu 6 mánuðina 2018

Lagt fram til kynningar.

4. Fjárhagsáætlun 2018

Lögð fram til kynningar.

5. Lánssamningur við Lánasjóð sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

6. Húsnæðismál Brunavarna á Hellu.


Rætt um húsnæðismál. Húsnæði Brunavarna á Hellu er orðið mjög óhagstætt til reksturs slökkvistöðvar. Húsnæðið er lítið, komið á talsvert viðhald og uppfyllir ekki kröfur slökkvistöðva í dag. Einnig er staðsetning húsnæðisins í miðju íbúðahverfi mjög óhagstæð. Fyrir liggur óformlegt tilboð um byggingu nýs húsnæðis á Hellu í sömu útfærslur og ný slökkvistöð í Árnosi. Stjórn samþykkir að farin verði skoðunarferð í slökkvistöðina í Árnosi, til að kynna sér húsnæðið og aðstæður þar. Slökkvistjóra falið að finna tíma fyrir heimsóknina í samráði við Brunavarnir Árnassýslu.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "LBB" and "AIO".


7. Önnur mál.

Slökkvistjóri fer yfir stöðu við vinnslu brunavarnaráætlunar. Lítið hefur þokast í þeim málum undanfarið. Slökkvistjóra falið að vinna áfram að áætluninni og koma með tillögu á næsta stjórnafundi um framhaldið við gerð áætlunnar.


Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:46




Anton Kári Halldórsson



Guðmundur Gíslason



Hjalti Tomasson



Leifur Bjarki Björnsson

